

7. Fréttamaður hjá Litla-kompás

Þeir hjá Litla-kompás nota myndavélarnar sínar til verndar mannréttindum!

Málefni	Umhverfismál, heilbrigði og velferð, þátttaka
Þyngdarstig	Stig 2
Aldur	10–13 ára
Tími	90–120 mínútur
Hópstærð	8–24 börn
Tegund verkefnis	Fréttaljósmyndun eða annars konar fréttamennska
Yfirlit	Börnin segja frá því hvernig mannréttindum er háttað í þeirra eigin samfélagi
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að efla vitund um mannréttindi í daglegu lífi • Að skilja hvernig bæði er hægt að brjóta á réttindum og vernda þau • Að gera alla færa um að taka virkan þátt í að vernda réttindi og binda endi á ofbeldi
Undirbúningur	<ul style="list-style-type: none"> • Veldu nokkrar aðstæður sem tengjast heilbrigðis-, öryggis- og umhverfismálum (t.d. baðherbergi, veitingastaði, endurvinnslustöðvar) • Strikaðu undir viðeigandi greinar í styttnum útgáfum Mannréttindayfirlýsingarinnar og Barnasáttmálans og láttu börnin fá ljósrit af þeim • Taktu ljósrit af korti af sveitarfélaginu • Þar sem ýmsar stofnanir á staðnum eru skoðaðar á gagnrýninn hátt skal láta viðkomandi starfsmenn vita um það fyrir fram • Reyndu að fá fund með viðkomandi starfsmönnum sem börnin geta kynnt niðurstöður sínar og tillögur fyrir, og spjallað við um hugsanlegar breytingar
Efniviður	<ul style="list-style-type: none"> • Ljósrit af styttnum útgáfum Mannréttindayfirlýsingarinnar og Barnasáttmálans fyrir hvern hóp, og/eða stækkuð eintök á flettistöflu • Ein stafræn myndavél eða Polaroid-vél fyrir hvern hóp • Minnisbækur og pennar til að taka niður minnispunkta og hugmyndir um myndir • Ljósrit af korti af sveitarfélaginu • Valfrjálst: Prentari til að prenta út stafrænar myndir



Leiðbeiningar

1. Ræddu um það við börnin hvað fréttamenn gera, bæði þeir sem starfa hjá prentmiðlum og sjónvarpi. Útskýrðu fyrir þeim að nú eigi þau sjálf að vinna eins og fréttaljósmyndarar og taka myndir sem sýna hvernig réttinum til að njóta heilbrigðis, öryggis og góðs umhverfis er framfylgt í eigin samfélagi. Þau geti annars vegar fundið dæmi þar sem þessi réttindi séu virt og hins vegar dæmi um að brotið sé á þeim.
2. Farðu yfir þessi réttindi með börnunum. Láttu þau fá ljósrit af styttnum útgáfum Mannréttindayfirlýsingarinnar og Barnasáttmálans þar sem búið er að merkja við viðkomandi greinar. Einnig geturðu ljósritað styttnu útgáfuna af 25. grein Mannréttindayfirlýsingarinnar og 3. tölulið 3. greinar og 24. og 27. grein Barnasáttmálans á veggspjald og skýrt fyrir börnunum hvað í þeim felst. Segðu þeim að þetta séu þau réttindi sem þau eigi að fjalla um í fréttum sínum, og bentu þeim á hvar dæmi um slík réttindi megi finna í samfélaginu (t.d. með því að kynna sér brunavarnir í skólum, heilbrigðis-aðstæður þar sem fæðuvörur eru ræktaðar, seldar eða unnar, hreinleika lofts, vatns og umhverfis). Fáðu börnin til að ræða um hvernig tillit sé tekið til þessara réttinda í samfélaginu og segðu þeim að nefna önnur dæmi.
3. Skiptu börnunum í þriggja til fjögurra manna hópa. Láttu hvern hóp fá myndavél og tiltekið verkefni. Dæmi:



- a. Hópur A gæti t.d. kannað öryggismál í skólum og á öðrum opinberum stöðum. Hvar eru t.d. slökkvitækin? Er þau í lagi? Er auðvelt að komast að neyðarútgönguleiðum? Vita börnin hvað gera skal í neyðartilvikum?
 - b. Hópur B gæti kannað öryggi í umferðinni. Er t.d. gangstéttirnar í lagi? Öruggar gangbrautir yfir göturnar? Er götum og gangstéttum vel við haldið? Eru hraðatakmarkanir? Er kveikt á götuljósum á nóttunni?
 - c. Hópur C gæti kynnt sér aðstæður á matvælamarkaði, t.d. hreinlæti í verslunum og á veitingastöðum, upplýsingar á matseðlum, næringargildi í mat og drykkjarvörum, öryggiseftirlit með vatnsforða.
 - d. Hópur D gæti einbeitt sér að umhverfismálum. Er einhverjar leiðir til að kynna sér gæði andrúmsloftsins? Er græn svæði í grenndinni? Eru götur og almenningsstaðir hreinir? Fer sorphirða fram með reglubundnu millibili? Er endurvinnslugámar fyrir plast, pappír, gler o.s.frv. til staðar?
4. Gefðu hópunum tíma til að ræða um málaflokkinn sinn og skipuleggja aðgerðir. Gættu þess að þau viti við hverja þau eiga að hafa samband til að fá að fara inn á tiltekin svæði (t.d. umsjónarmann í skóla eða á leikvelli). Öll eiga þau að kunna á myndavélina. Í hverjum hópi ætti einnig a.m.k. eitt barnanna að taka niður minnispunkta og skrifa skýringar með myndunum; eitt þeirra gæti t.d. skrifað niður þau mannréttindi sem tengjast myndinni og annað gæti skráð tillögur þeirra um svör.
 5. Segðu börnunum að hver hópur eigi að kynna áætlanir sínar fyrir hinum hópunum. Gefðu þeim tiltekinn tíma til að ljúka verkefninu.
 6. Þegar hóparnir eru búnir að taka þær myndir sem þeir þurfa skaltu gefa þeim tíma til að undirbúa smásýningu. Á sýningunni skal koma fram:
 - a. Fyrirsögn
 - b. Nöfn barnanna í viðkomandi hópi
 - c. Texti um hverja mynd þar sem fram kemur hvar og hvenær hún er tekin og hvað hún sýnir
 - d. Athugasemdir um hvaða réttindi eru vernduð og hverjum er brotið á
 - e. Tillögur um hvernig taka beri á þeim brotum sem um er að ræða og hrós fyrir það sem vel er gert.
 7. Bjóða skal foreldrum og ýmsum aðilum úr sveitarfélaginu að koma á sýninguna.
 8. Reyndu að fá fulltrúa frá sveitarfélaginu (t.d. bæjarstjórn, skólustjórn, aðila úr sveitarstjórn og samtökum innan sveitarfélagsins) til að koma á sýninguna, hitta börnin og heyra hvað þau hafa að segja, hlusta á tillögur þeirra og ræða um hvað gera má betur.

Samantekt og mat

1. Farðu yfir verkefnið með spurningum á borð við eftirfarandi:
 - a. Fannst ykkur gaman að leika fréttamenn?
 - b. Var erfitt að finna dæmi um það sem þið leituðuð að?
 - c. Var erfitt að ná aðstæðum á mynd?
 - d. Var erfitt að skrifa textann?
 - e. Var erfitt að hrósa hlutunum? Tillögur?
 - f. Lærðuð þið eitthvað um eigið sveitarfélag? Um ykkur sjálf? Sáuð þið eitthvað í nýju ljósi?
 - g. Getur myndavél komið að gagni við að afhjúpa aðstæður? Getur komið að gagni að skrifa um hlutina?
 - h. Detta ykkur í hug einhverjar aðrar leiðir til að sýna hvernig aðstæður eru?
 - i. Getur mynd bætt einhverju við ritað mál og þá hverju?



2. Tengdu verkefnið mannréttindum með því að spyrja spurninga á borð við:
- Hvers urðuð þið vísari um mannréttindi í sveitarfélaginu ykkar?
 - Getið þið nefnt jákvæð dæmi um að mannréttindi séu virt?
 - Voru einhver neikvæð dæmi um að brotið væri á mannréttindum?
 - Getum við gert ákveðnar tillögur um hvernig auka megi mannréttindi? Hverjum á að afhenda þær (t.d. skólastjórnendum, foreldrum, sveitarstjórn, fjölmiðlum, kennara)?
 - Barnasáttmálinn tryggir börnum rétt til þess að láta í ljós skoðanir sínar á öllum málum sem varða líf þeirra. Nýtið þið ykkur þessi réttindi? Ef svarið er já, hvernig? Hvernig gætuð þið nýtt ykkur þau á sem gagnlegastan hátt? Hvaða færni þurfið þið að hafa til að bera til þess?

Tillögur um framhald

Verkefnið „Mannréttindi sett á kortið“, bls. 137, sýnir einnig hvernig réttindi eru virt í samfélaginu.

Hugmyndir um aðgerðir

- Segðu börnunum að velja a.m.k. eitt dæmi um aðstæður sem þau myndi langa til að breyta. Ræddu við þau um þetta val og hugsanlegar leiðir til að takast á við verkefnið.
- Einnig væri áhugavert að setja þessa sýningu upp í skólanum þeirra þar sem allir í hverfinu gætu séð hana. Reyndu að fá að setja sýninguna upp á opinberum stað (t.d. á pósthúsi, í ráðhúsi, skóla, æskulýðsmiðstöð) og hafa hana opna fyrir almenning.
- Skrifa má bréf til stofnana þar sem vel er staðið að heilbrigðis- og öryggismálum og óska þeim til hamingju og/eða láta í ljós vonbrigði ef ekki er staðið við settar reglur.
- Þjóddu fulltrúum frá sveitarfélaginu í heimsókn til að ræða þessi málefni við börnin, hafir þú ekki gert það nú þegar. Reyndu að koma börnunum í samstarf við aðra til að auka fjölbreytni.

Ábendingar til kennara/leiðbeinanda

- Auðvelt er að laga þetta verkefni að öðrum málefnum á sviði mannréttinda (t.d. ofbeldi, kynjajafnrétti, aðstæðum fatlaðra barna eða barna sem tilheyra minnihlutahópum, upplýsingaaðgengi, réttinum til leikja og tómsunda).
- Ef börnin eru að fjalla um skóla eða aðrar stofnanir skaltu fá samþykki þeirra og/eða reyna að koma á samstarfi við forsvarsmenn þeirra. Aðkoma þeirra að verkefni barnanna er mikilvæg til að auka fjölbreytnina.
- Leggðu áherslu á að þessi fréttamennska snýst ekki aðeins um að finna hvar brotið er á mannréttindum heldur einnig að fjalla um það sem vel er gert. Leggðu áherslu á hve mikilvægt sé að þakka þeim og hrósa sem uppfylla kröfur um heilbrigðis-, öryggis- og umhverfismál.
- Þú gætir þurft að kenna börnunum nokkur grundvallaratriði um notkun myndavéla og hvernig taka skal góða myndir. Gættu þess að öll börnin læri á myndavélina og fái tækifæri til að nota hana.

Tilbrigði

- Fáðu börnin til að taka myndir sem þau tengja tilteknum tilfinningum (t.d. hræðslu, afslöppun, ánægju, vanlíðan, o.s.frv.).
- Ef myndavélar eru ekki til staðar geta börnin lýst þeim hlutum sem þau sjá með orðum, teiknað þá eða hljóðritað. Farsímar með myndavél gætu einnig nýst í verkefninu en mörg börn eiga slík tæki.

